

Nr. 001 / 10 Baldvin Njálsson GK 400***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2182
Smíðaður: Vigo Spáni 1990 stál
Stærð: 736,4 brl. 1199,8 bt.
Mesta lengd: 51,45 m Skráð lengd: 45,84 m
Breidd: 11,9 m Dýpt: 7,23 m
Vél: Wärtsilä 2200 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 26



Baldvin Njálsson ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 20. ágúst 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 3. janúar 2010 var Baldvin Njálsson GK 400 á togveiðum í SV miðum. Veður: Hægviðri.

Skipverji var við vinnu framarlega í lestinni að taka fiskikassa af færibandi. Þegar hann ætlaði að taka síðasta kassann, sem lá á milli færibanda sem gengu á móti hvort öðru, lenti hann með vinstri hendina á milli þeirra og festist. Hann kallaði til skipverja sem staddur var í lúguopi sem náði að stöðva böndin eftir u.þ.b. 30 sekúndur.

Ákveðið var að sigla áleiðis til hafnar í Grindavík og var björgunarskipið Oddur V. Gíslason sendur út til að ná í slasaða. Í ljós kom að hann var talsvert slasaður á hendinni en óbrotinn.

Við rannsókn kom fram:

- að ekki var öryggishlíf á samskeytum færibandanna á þessum stað en á árinu 2006 (mál nr. 151/06) gerðist svipað atvik um borð í skipinu en framar í lestinni og var þá sett öryggishlíf þar. Eftir þetta atvik var settur samskonar búnaður á þessum stað;
- að skipverjinn náði ekki til öryggisrofa enda var hann staðsettur annarsstaðar í lestinni;
- að ekki voru sérstakar aðvörunarmerkingar á þessu svæði þrátt fyrir tilmæli þar um við afgreiðslu fyrrnefnds máls.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til ófullnægjandi frágangs á færiböndum. (*Sama niðurstaða og í 151/06*)

Nefndin bendir á að ef framkvæmd hefði verið áhættugreining um borð í skipinu, eins og skylt er að gera, hefði mátt koma í veg fyrir slysið enda hafði samskonar slys orðið um borð árið 2006.